

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júní 2024

Skráð atvinnuleysi í júní var 3,1%

Skráð atvinnuleysi í júní var 3,1% og lækkaði úr 3,4% frá maí. Í júní 2023 var atvinnuleysið hins vegar 2,9%.

Að meðaltali voru 6.722 atvinnulausir í júní, 3.784 karlar og 2.938 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 279 frá maí.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,3% og lækkaði úr 5,7% frá maí.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,3% á Austurlandi.

Alls bárust 223 ný störf sem voru auglýst hjá Vinnumálastofnun í júní.


Atvinnulausir voru 6.997 í lok júní, 3.846 karlar og 3.151 kona.

Í júní 2024 gaf Vinnumálastofnun út 173 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 145 á höfuðborgarsvæðinu.

Í júní voru 252 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í júlí verði svipað og í júní eða á bilinu 3,0% til 3,2%.

Þróun atvinnuleysis frá júní 2022 til júní 2024




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði allstaðar á landinu frá maí nema á Norðurlandi vestra og Vesturlandi þar sem það stóð í stað. Mest lækkaði atvinnuleysi á Austurlandi þar sem það fór úr 1,9% í 1,3%. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,3% og lækkaði úr 5,7% frá maí. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var 2,7% á landsbyggðinni í júní.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,3% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í maí og júní.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fimm svæðum á landinu í júní. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,0% og atvinnuleysi kvenna 5,8%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júní.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.997 í lok júní, 3.846 karlar og 3.151 kona. Fækkaði atvinnulausum körlum um 220 frá maílokum en atvinnulausum konum fækkaði um 64.

Alls voru 655 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júní og fækkaði um 59 frá maí.

Alls höfðu 1.272 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní 2024 og fækkaði um 14 frá maí. Í júní 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.317 og nemur fækkunin 45 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.917 í júní síðastliðnum en voru 1.412 í júní 2023.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í júní, mest var fækkunin í byggingariðnaði og verslun og vöruflytningum.


Atvinnulausum fjölgaði líttilega í lok júní í fjórum atvinnugreinum mest þó í opinberri þjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.619 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júní 2024



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.836 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 207 frá maí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 55% í lok júní.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi


Í júní 2024 gaf Vinnuálastofnun út 173 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 145 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 83 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 90 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 64 leyfi. Þá voru gefin út 36 námsmannaleyfi og 35 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 45%, 23% vegna þjónustustarfa of 20% vegna starfa verkafólks. Um 12% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 50 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2024 með samtals 306 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 524 í júní á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 43%, 19% frá Letlandi og 14% frá Rúmeníu. Þeir sem eftir standa eða um 24% starfsmanna komu frá 16 öðrum ríkjum.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun


Alls komu inn 223 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 146 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 70% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 9% á Suðurnesjum og eins 9% á Norðurlandi eystra. Þá eru 12% annarsstaðar á landinu.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní 2024 voru gefin út 155 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 106 einstaklingar. Níu fóru til Litáen og sjö fóru til Rúmeníu. Þá voru gefin út 33 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júní 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júní voru 252 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 172 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.